



Verðbólgan hjaðnar milli mánaða

Vísitala neysluverðs (VNV) lækkaði um 0,21% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,1% samanborið við 3,3% í júní. VNV án húsnæðis lækkaði um 0,42% milli mánaða og mælist 2,8% verðbólga á þann mælikvarða.

Opinberar spár lágu á bilinu -0,4% til óbreyttrar stöðu. Við höfðum spáð -0,1%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Mest áhrif til lækkunar hafði verð á **fötum og skóm** (-0,49% áhrif) enda sumarútsölnar í fullum gangi. Breytingin milli mánaða var svipuð og síðustu ár.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** (-0,19% áhrif) lækkaði einnig vegna sumarútsala. Munar þar mest um að húsgögn lækkuðu um 9,2% (-0,12% áhrif).
- **Flugfargjöld til útlanda** hækkuðu einungis um 6,3% milli mánaða (0,10% áhrif). Þetta kom okkur mikið á óvart, enda hefur þessi liður hækkað um rúmlega 20% milli mánaða undanfarin tvö ár. Það er 12% ódýrara að fljúga til útlanda í júlí í ár en í júlí fyrir ári síðan. Við áttum von á að hækkan flugfargjalda milli ára, vegna minni samkeppni í kjölfar fall WOW og betri sætanýtingu hjá Icelandair.
- **Hótel og veitingastaðir** (0,11% áhrif) hækkuðu nokkuð meira en við bjuggumst við.


Gerum ráð fyrir 2,8% verðbólgu í september

Eins og staðan er í dag reiknum við með +0,3% í ágúst, +0,1% í september og +0,3% október. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,8% í október.

	Vægi í VNV	Breyting milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,6%	5,5%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,0%	2,1%
Föt og skór	4,3%	-11,2%	2,2%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,3%	4,9%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,3%	2,6%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	-3,5%	0,7%
Heilsa	4,0%	0,6%	1,6%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,1%	1,5%
Kaup ökutækja	5,6%	1,1%	6,5%
Bensín og díselolía	3,5%	-0,4%	4,0%
Flugfargjöld til útlanda	1,7%	6,3%	-12,0%
Póstur og sími	1,8%	0,3%	-2,8%
Tómst. og menning	9,9%	0,0%	2,7%
Menntun	0,4%	0,0%	-1,1%
Hótel og veitingast.	5,8%	1,9%	2,6%
Aðrar vörur og þjónusta	6,6%	0,2%	4,1%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Verðbólgan í júlí mælist 3,1% í samanburði við 3,3% í júní




Heimild: Hagstofa Íslands,

Mjög hefur dregið úr mun á vísitölunni með og án húsnæðis




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,8% verðbólgu í október.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mesti munur á milli spá okkar og mælingu Hagstofunnar var í flugfargjöldum til útlanda.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag allra helstu undirliða er til hækkunar.



Heimild: Hagstofa Íslands


Um 80% undirliða hafa hækkað seinustu tólf mánuði




Heimild: Hagstofa Íslands



Það er 12% ódýrara að fljúga til útlanda í júl í ár en í júlí fyrir ári síðan.




Árshækkun reiknaðrar húsaleigu er um 2,6%




Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafir um einn mánuð.
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Áhrif sumarútsala á fötum og skóm voru svipuð og seinustu ár



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er um 3,0%



Heimild: Kodiak pro, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.